

Hvað er fátækt?

Í ár er Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun – en hvað er fátækt í raun og veru? Fátækt hefur mörg andlit og skynjun fólks á fátækt er misjöfn milli staða og þjóðfélagshópa. Þrátt fyrir að fátækt hafi ávallt verið til og henni lýst í rituðu máli og túlkuð á striga ótal sinnum í gegnum aldirnar þá er tiltölulega stutt síðan fræðimenn hófu að rannsaka fátækt að einhverju marki.

Til að berjast gegn fátækt verðum við að geta skilgreint hvað fátækt er í raun og veru. Þegar það er komið á hreint getum við kannað betur rætur vandans, hvað viðheldur honum, hverjar eru afleiðingarnar og síðast en ekki síst: Hvernig við getum útrýmt fátækt.

Það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem fyrsta skilgreiningin á fátækt var sett fram. Það var fræðimaðurinn Seebohm Rowntree, fyrsti maðurinn til að rannsaka fátækt, sem skilgreindi svokölluð algild fátæktarmörk með því að áætla upphæð sem hann taldi nauðsynlega til að sjá fyrir grunnþörfum, ef tekjur fólks ná ekki þeirri upphæð er það skilgreint sem fátækt. Skilgreining Rowntree hefur verið notuð í yfir hundrað ár, þó að í dag sé oftast notast við afstæð fátæktarmörk – sér í lagi í alþjóðlegum útreikningum.

Afstæð fátæktarmörk eru miðuð við hlutfall af tekjum ákveðins viðmiðunarhóps. Ef fólk er undir þessu hlutfalli er það skilgreint sem fátækt. Í Evrópusambandinu er gjarnan miðað við að einstaklingur sé fátækur ef tekjur hans eru lægri en helmingur af miðgildi ráðstöfunartekna í því landi sem hann býr. Í þess háttar útreikningum er einnig tekið tillit til fjölskyldu viðkomandi – til að mynda er reiknað með að maki þurfi 70% af tekjum sambýliskonu eða -manns og að börnin þurfi 50% af tekjum fullorðinnar manneskju.

OECD ríkin notast við svipaða útreikninga og Evrópusambandið en miða við að maki þurfi 50% af tekjum einstaklingsins og börn 30%.

Fátækt á Íslandi

Fátækt hefur lítið verið rannsökuð á Íslandi og skortur er á reglubundnum mælingum á viðfangsefninu. Fremur lítið er því vitað um þróun og umfang fátæktar hér á landi en telja má víst að fátækt hafi aukist töluvert á árunum eftir hrun. Um þessar mundir vinnur félags- og tryggingamálaráðuneytið að því að reikna út grunnframfærslu og þeir útreikningar munu nýtast vel í baráttunni gegn fátækt á Íslandi í dag.

Stuðst var við grein Guðnýjar Bjarkar Eydal, „Er fátækt á Íslandi? Hvað er afstæð fátækt?“ sem birtist á Vísindavefnum 22.5.2006. <http://visindavefur.is/?id=5960>. (Skoðað 15.11.2010).